

*Arnliotur B. Olson*

## FORMALI.

-:0:-

Allir hugsandi menn, hvort heldur orpodox eður liberal, finna til þarfarinnar á því, að hafa einhverja hentuga fræðibók til grundvallar fyrir barnakennslu, hvort heldur í sunnudagaskólum eður heimahúsum. Næstliðinn vetur þantaði eg því nokkur eintök af „Unitarian Catechism” (endurskoðuð útgáfa eftir M. J. Savage, einn af hinum merkustu Unitara prestum). Þessi útgáfa er nú almennt brúkuð við barnakennslu í Unitara-söfnuðum og pykir einkar vel til fallin. Og með því að allir þeir af löndum mínum, sem sjeð hafa þetta fræðikver, ljúka upp um það sama munni, þá hefi eg fengið styrk hjá A. U. A. (Unitara-fjel. í Boston) til að láta prenta það í íslenzkri þýðing. Í þessu kveri eru fram tekin aðal-sannindin í trúarlegum og siðferðilegum efnum, og reynt til að gera úrlausn þeirra helztu, dýpstu spurninga, sem hver einasti hugsandi maður hlýtur að leggja fyrir sjálfan sig. Vitaskuld er ekki mögulegt í svona lítilli bók nema að eins að drepa á helztu atriðin í svo margbreyttu og yfirgripsniklu efni. Þess vegna ætlast höfundurinn til, að kennarinn gefi unglingunum *munalega* frekari útskýringar, og svo að þeir sjálfir hugsi og